

Alþingi
Erindi nr. **D 139/454**
komudagur 29.11.2010



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
b/t Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

26. nóvember 2010


Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum – þskj. 217 – 200. mál.
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum – þskj.
204 – 187. mál.
Frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki – þskj. 213 – 196. mál.


Lögð hafa verið fyrir Alþingi eftirfarandi frumvörp:

- Frumvarp laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum
- Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum
- Frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

PricewaterhouseCoopers ehf. gerir engar efnislegar athugasemdir við ákvæði framangreindra frumvarpa en ítrekar athugasemdir sínar sem gerðar voru við hækkun fjármagnstekjuskatts í bréfi, dags. 24. júní 2009 (athugasemdir við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. þskj. 155 – 118. mál). Þar var vakin athygli á að fjármagnstekjuskattur er lagður á nafnvaxtatekjur en ekki raunvaxtatekjur. Þetta leiðir til þess að verðbætur sem móttakandi fær á sinn sparnað er einnig skattlagður og getur því leitt til þess að um neikvæða raunávöxtun er að ræða. Hækkun fjármagnstekjuskatts eykur enn frekar líkur á þessu.

Virðingarfyllt,
PricewaterhouseCoopers ehf.


Friðgeir Sigurðsson
lögfr.


Jón Ingi Ingi Bergsson
lögfr.